

Kennari:
Viktor Ingi Sigurjónsson

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla í sundlaug Stapaskóla, Vatnaveröld

Tímafjöldi:
1 kennslustundir

Bekkur:
1. bekkur

Sund

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra.

Í skólasundi skal fyrstu tvö árin leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök, t.d. í skrið- og baksundi. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma.

Sund

Námsþættir:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	<ul style="list-style-type: none">- framkvæmi skriðsundfótartök, með eða án hjálpartækja- framkvæmi bringusundsfótartök með eða án hjálpartækja- geti flotið á bringu- geti gengið með andlitið í kafi- geti staðið í botni og andað að sér, fært andlitið í kaf og andað frá sér- taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem reyna á samspil skynfæra	Stöðvabjálfun Sýnikennsla
Félagslegir þættir	<ul style="list-style-type: none">- upplifi gleði og ánægju af því að hreyfa sig í vatni- fari eftir leikreglum og fylgi fyrirmælum- kynnist og tileinki sér samskiptafærni eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða og bregðast við- taki þátt í verkefnum sem krefjast félagslegra samskipta, s.s. að taka tilliti til annarra, aðstoða aðra og hvetja- öðlist öryggistilfinningu í vatni	Umræður

Heilsa og efling þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> - geti hreyft sig frjálst í vatni - taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða, viðbragð og líkamsþol í vatni 	
Öryggis- og skipulagsreglur	<ul style="list-style-type: none"> - geti gengið frá fötum á æskilegan hátt - læri að þvo sér og þurrka - fari eftir reglum sem snúa að umgengni og hegðun á sundstöðum - geti brugðist við fyrirmælum kennara 	
Námsmat:	<p>Getur flotið á bringu</p> <p>Getur framkvæmt baksundsfótatök með hjálpartæki</p> <p>Getur framkvæmt bringusundsfótatök með hjálpartæki</p> <p>Getur framkvæmt skriðsundsfótatök með hjálpartæki,</p> <p>Getur gengið með andlit í kafi 2,5 m</p> <p>Getur staðið og andað að sér og frá sér 10x</p> <p>Áhugi, virkni og framkoma í kennslustundum metin</p>	

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága